

25
10. maí

REGLUGERÐ

um

próf fyrir bifreiðarstjóra.

Samkvæmt lögum nr. 70, 8. september 1931, um notkun bifreiða, eru hér með settar eftirfarandi reglur um próf fyrir bifreiðarstjóra.

1. gr.

Sérhver sá, sem vill fá ökuskírteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra skriflega umsókn um það. Eyðublöð undir umsóknir fást hjá lögreglustjóra.

Með umsókninni skal umsækjandi senda:

- a. Fæðingarvottorð.
- b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvirkusamur.
- c. Vottorð læknis um:

Að hann hafi, með eða án gleraugna, minnst sjónskerpuna $\frac{1}{12}$ á betra auga, en $\frac{1}{24}$ á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sé eðlilegt.

Að hann hafi heyrt svo góða, að hann að minnsta kosti heyri orð, töluð vanalegum rómi í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrt á verra eyra, en að hann heyri þau í 2 metra fjarlægð.

Að hann sé svo limaliðugur, að honum sé fært að nota hendur og fætur við aksturinn (sbr. 3. gr. c.).

- d. Vottorð um að hann hafi notið kennslu í notkun bifreiða hjá bifreiðarstjóra, er rétt hefir til kennslu samkvæmt 9. gr. reglugerðar þessarar, að hann hafi stjórnað bifreið minnst 25 klukkustundir samtals, sem skiptist á minnst 14 kennsludaga, og hafi öðlazzt hæfilega handleikni í stjórn bifreiðarinnar. Skal fylgja vottorðinu útdráttur úr dagbók kennarans, er sýni á hvaða tíma hann hafi stýrt bifreiðinni. Til þess að sækja um ökuskírteini fyrir bifhjól, þarf þó aðeins vottorð kennarans um, að umsækjandi hafi öðlazzt hæfilega leikni í stjórn bifhjólsins.
- e. Ljósmynd af sér óupplímða.

Vottorð þau, sem talin eru í b, c og d, mega ekki vera meira en mánaðargöm, þegar umsókn er send.

Veita má manni ökuskírteini enda þótt hann sé blindur á öðru auga eða sjónskerpun sé minni en $\frac{1}{24}$, ef hitt augað er óskemmt og með fullri sjónskerpun ($\frac{1}{6}$ án gleraugna), þegar hlutaðeigandi hefir verið sjónlaus á öðru auga eða með lamaða sjónskerpun á því meira en hálfu ár. Ökuskírteini fyrir mann með þannig lamaða sjón, er heimili honum að stýra tvíhjóla bifreið eða einmennings þríhjóla bifreið, má aðeins veita með því skilyrði, að hann noti jafnan,

er hann stýrir bifreiðinni, hlífðargleraugu (þ. e. venjuleg stór gleraugu, ekki bifreiðargleraugu). Skírteini þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, veita ekki heimild til þess að stýra bifreið, sem notuð er til almennra mannflutninga. 25
10. maí

2. gr.

Telji lögreglustjóri skilríki þau, sem umsókninni fylgja, fullnægjandi, sendir hann þau til fasts prófdómara, sem stjórnarráðið löggildir til þess að halda próf það, sem ákveðið er í 5. gr. laganna, og prófar hann umsækjanda svo fljótt, sem ástæður leyfa.

3. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt, en aðaláherzlu ber að leggja á verklega prófið.

Munnlega prófið nær yfir:

- a. Gerð og hirðing vélarinnar og umbúnað í vagninum.
- b. Lög og reglur, er snerta ökumenn bifreiða.
- c. Hvaða ráð skuli höfð, er einhver vandkvæði bera að höndum.

Verklega prófið nær yfir:

- a. Prófun á hemlum, stýri, kveikingu vélarinnar m.m., og að hleypa vélinni, stöðva hana, snúa við og fara aftur á bak.
- b. Prófabstur. Prófdómari skal sitja í vagninum, en umsækjandi stjórna vagninum hjálparlaust, og skal haga akstrinum þannig, að bæði sé ekið þar sem talsverð umferð er, og einnig á auðum vegi eftir bugðum og brekkum, og skal aksturinn vera svo langur, að prófdómariinn fái fulla vitneskju um, hvort óhætt sé að veita umsækjanda ökuskírteini.
- c. Jafnframt skal prófdómari fullvissa sig um, að umsækjandi sé ekki fatlaður á neinn hátt, er geri hann óhæfan til að stýra bifreið.
- d. Prófið skal fara fram í bifreið með handskiptingu gangskiptihjóla.

4. gr.

Að loknu prófi skal prófdómariinn tafarlaust endursenda lögreglustjóra skilríki umsækjandans. Hafi hann staðizt prófið, fær lögreglustjóri honum ökuskrírteini, og skal í því vera:

- a. Númer skírteinisins.
- b. Nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður og heimili ökumanns.
- c. Mynd af ökumanni, með stimpli lögreglustjóra og númeri skírteinisins.

Hafi umsækjandi ekki staðizt prófið, getur hann ekki fengið að ganga undir próf á ný, fyrr en að tveim vikum liðnum, og skal hann þá færa sönnur á það, að hann hafi notið rækilegrar kennslu á þeim tíma.

Læknisvottorð það, sem ræðir um í 1. gr. c, skal endurnýja fimmta hvert ár og leggja fyrir lögreglustjóra, sem ritar vottorð um það á ökuskírteinið eða gefur út nýtt ökuskírteini; að öðrum kosti er ökuskírteinið úr gildi fallið.

25
10. maí Glatist ökuskirteini, má endurnýjun á því aðeins fara fram við embætti þess lögreglustjóra, sem upphaflega gaf það út. Endurnýjað ökuskirteini, vegna slits eða skemmda, skal halda áfram að bera hið upphaflega umdæmis tölumerki, en einkennt skal það með orðinu „eftirrit“, svo og hvar og hvenær endurnýjunin var gerð. Fyrir endurnýjun ökuskirteinis greiðist til lögreglustjóra sama gjald og fyrir nýtt skirteini.

5. gr.

Óski einhver að prófast í bifreið þar sem gangskipting er gerð með fótstigum, er það heimilt, en þá skal ritað á prófskirteini, að það veiti eingöngu rétt til aksturs bifreiða með slíkri gangskiptingu.

6. gr.

Óski einhver að fá ökuskirteini, er heimili honum að stýra tvíhjólábifreið og einmennings þríhjólábifreið, en ekki öðrum bifreiðum, þá getur prófdómari veitt þær tilslakanir, að því er prófkröfurnar snertir, sem hann telur hæfilegar.

7. gr.

Fyrir prófið greiði umsækjandi 15 kr. og leggi auk þess til á sinn kostnað vagn, er prófdómari tekur gildan. Fyrir prófun á meðferð tvíhjólábifreiða greiðist hálf gjald.

8. gr.

Sá sem hefir ökuskirteini frá erlendum stjórnarvöldum, getur fengið ökuskirteini hjá lögreglustjóra, án þess að taka próf, ef lögreglustjóra er ekki kunnugt um neitt það, er ætla má að geri umsækjanda miður hæfan til að stýra bifreið. Krafizt getur lögreglustjóri skilríkja þeirra, er greinir í 1. gr. a.—c. og e., ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Hver sá, sem hefir leyst af hendi hið meira próf (sbr. 11. gr.), hefir rétt til þess að hafa á hendi kennslu í notkun bifreiða. Ráðuneytið getur svipt hvern þann kennsluleyfi, sem ekki rækir starf sitt samvirkusamlega eða af einhverjum ástæðum telst til þess óhæfur.

Engum er heimilt að veita nokkra tilsögn í akstri öðrum en þeim, sem hafa aldur til að geta fengið ökuskirteini.

Bifreið þar sem kennsla fer fram, skal einkennd með tveim spjöldum, framan og aftan á bifreiðinni, með greinilegri áletrun „kennslubifreið“.

Enga bifreið má nota til kennslu nema eigandi bifreiðarinnar hafi fengið vottorð skoðunarmanns bifreiða í umdæmi því, er bifreiðin er skrásett, um að hún sé í góðu lagi og stýris- og hemlaumbúnaður vélarinnar með venjulegri gerð, og að hún sé tryggð gagnvart þriðja manni sem kennslubifreið.

Kennari ber ábyrgð á akstri bifreiða, einnig þegar aksturnemi er við stýrið.

25
10. maí

10. gr.

Löggildingu sem prófdómara veitir ráðuneytið hæfilega mörgum mönnum, sem til þess álitast hæfir, og eru ekki á neinn hátt riðnir við verzlun með bifreiðar. Löggildingin getur verið tímabundin, og stjórnarráðið getur afturkallað hana, ef því virðist ástæða til.

Þar sem eru löggiltir skoðunarmenn bifreiða, skulu þeir og vera löggiltir prófdómarar.

11. gr.

Til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga, þarf sérstakt viðbótar-skirteini. Skal umsókn um það sendast lögreglustjóra, en hann sendir umsóknina til hins skipaða prófdómara, sem prófar umsækjanda svo fljótt sem ástæður leyfa, mjög ítarlega í sömu atriðum og við hið venjulega próf. Skal við prófið komast að raun um, að umsækjandi sé svo vel að sér í gerð vélarinnar og öllum útbúnaði í vagninum, að hann geti gert við algengustu smábilanir, er fyrir koma á vél og hringum.

Svo skal umsækjandi og færa sönnur á, að hann hafi að jafnaði undanfarna þrjá mánuði verið bifreiðarstjóri og sé fullra 20 ára að aldri.

Við próf það, sem nefnt er í þessari grein, skal auk prófdómara vera meðdómari, sem ráðuneytið skipar.

Standist umsækjandi prófið tilkynnir prófdómari það lögreglustjóra, sem síðan lætur bæta við á ökuskirteini hlutaðeiganda, heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.

Fyrir þetta próf greiði umsækjandi 20 kr. sem skiptist jafnt milli prófdómenda.

12. gr.

Þar sem skipaðir eru skoðunarmenn bifreiða, skal greiða prófgjöld til lögreglustjóra jafnframt afhendingu umsóknar um prófun samkvæmt 1. gr.

Með reglugerð þessari, sem gengur í gildi þegar í stað, er úr gildi numin reglugerð um próf fyrir bifreiðarstjóra frá 1. febrúar 1928, og reglugerð um viðauka við reglugerð frá 19. október 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.